



Lýðræðishlutverk háskóla og áskoranir samtímans

Vilhjálmur Árnason

► Abstract ► Um höfund ► About the author ► Heimildir

Í greininni er leitað svara við spurningunni hvernig háskólar geti best þjónað lýðræði í samtímanum sem einkennist af upplýsingaóreiðu, ófrjálslyndum hugmyndum og viðskiptavæðingu á flestum sviðum. Reifaðar eru þrenns konar ólíkar röksemdir um tengsl lýðræðis og háskóla; rök í anda frjálslyndis, þáttökulýðræðis og rökræðulýðræðis. Ræddar eru lykilhugmyndir í hverjum þessara röksemda og spurt um þýðingu þeirra fyrir lýðræðishlutverk háskóla. Því er haldið fram að allar feli þær í sér mikilvæg atriði, en að rökræðulýðræðisrökin hafi mest vægi andspænis þeim þáttum sem standa lýðræðislegu hlutverki háskóla fyrir þrifum. Í frjálslyndisrökunum er megináhersla lögð á gildi á borð við akademískt frelsi, fræðilegt hlutleysi og hlutlægni. Með frjálslyndisrökum má renna stoðum undir tiltekið viðnám gegn öflum sem grafa undan þessum gildum, en þau fela ekki í sér vitund um áhrif markaðsvæðingar á háskólastarf. Sú meðvitund er meginhvati þáttökulýðræðisrakanna fyrir lýðræðishlutverki háskóla. Þar er höfuðáherslan á borgaravirkni í þágu samfélagslegra markmiða og þjóðfélagsumræðu. Rök eru færð fyrir að vandasamt geti verið að finna þeirri borgaravirkni farveg sem samrýmist grundvallargildum háskóla. Einnig er dregið í efa að þáttökulýðræðishugmyndir myndi góðan grunn fyrir gagnrýni á markaðsvæðingu háskóla sem er aðalógnin við lýðræðislegt hlutverk hans. Úr þessu bæta rökræðulýðræðisrökin. Þar er bæði horft til þeirrar lýðræðislegu færni borgaranna sem háskólamenntun þarf að byggja upp og til þeirra afla í háskólum og samfélagi sem standa lýðræði fyrir þrifum. Færni háskólaborgara er einkum lýst út frá gagnrýninni hugsun og málefnalegri rökræðuhæfni sem skili sér inn í stofnanir og starfsemi samfélagsins. Þannig er þroskuð skynsemi boðskipta til mótvægis við tæknilega rökvisi og neytendaviðmið sem orðið hafa ráðandi í hugmyndum um háskólastarf og háskólamenntun. Röksemdir rökræðulýðræðis vernda þannig frjálslynd gildi háskólastarfs, en leggja jafnframt áherslu á ábyrga þátttöku háskólaborgara í að verjast þeim öflum sem ógna þeim og setja fram fræðilegan skilning á rótum þeirra afla og gangverki.

Efnisorð: Lýðræðishlutverk háskóla, frjálslyndi, borgaravirkni, rökræða, tæknileg rökvisi, markaðsvæðing

Inngangur

Í þessari grein er gengið út frá að háskólar hafi lýðræðislegt hlutverk. Spurt er hvernig háskólar geti gegnt þessu hlutverki í samtímanum sem einkennist af menningarlegum breytingum sem virðast grafa skipulega undan forsendum lýðræðis. Hér hef ég einkum í huga upplýsingaóreiðu, ófrjálslyndar (e. illiberal) lýðræðishugmyndir og *viðskiptavæðingu* sem ég tel að skapi sérstakar áskoranir fyrir háskóla samtímans. Upplýsingaóreiðan og ófrjálslyndur lýðræðisskilningur eru reyndar tengd, m.a. í sameiginlegum snertipunkti þeirra í lýðhyggjunni eða popúlismanum (Eiríkur Bergmann, 2021; Fukuyama 2016). Ætla má að það gagnist ófrjálslyndum stjórnvöldum, sem vilja sækja umboð sitt beint til meirihlutaviljans – eða stærsta minnihlutans – hverju sinni, að almenningur hafi ekki

upplýstar og ígrundaðar hugmyndir sem gætu dregið réttmæti stjórnarháttanna þeirra í efa. Háskólar eru í sérstakri aðstöðu til að hamla markvisst gegn þessum þáttum. Öðru máli gegnir um þá ógn við lýðræði sem ég ræði mest í þessari grein; viðskipta- eða markaðsvæðingu samfélagsins. Þótt háskólar geti ekki haft bein áhrif á síaukið vald alþjóðlegra stórfyrirtækja þá fylgja þessari þróun hugmyndir um viðskiptavæðingu og árangursviðmið sem móta háskólana. Þessi ógn er erfiðari viðfangs en hinar því að hún er samofin ríkjandi hugsunarhætti bæði um háskólanám og stjórnun háskóla (Greene, 2022). Ég mun færa rök fyrir að þessi þróun eigi sér dýpri rætur í framgangi tæknilegrar rökvisi og birtist í einhæfri skynsemisvæðingu sem setur mark sitt á hugsun um allt háskólastarf.

Rót þessara ógna við lýðræði eru ytri þættir frá háskólum séð, en mikilvægt er að spyrja einnig hvort þættir í innri menningu og skipulagi háskólastarfs valdi því að þeir vanræki pólitískt hlutverk sitt í lýðræðisríki. Þetta vekur spurningar um skilninginn á „pólitík“ í þessu samhengi. Stundum er gerður greinarmunur á þröngum og víðum skilningi á stjórnmálum, þar sem sá þrengri einkorðar stjórnmál við ágreiningsefni stjórnmálaflokka og viðfangsefni ríkisstjórna. David Held (2006, bls. 270) hefur lýst hinum víðari skilningi með svofelldum hætti: „Stjórnmál skapa og skilyrða alla fleti lífs okkar og þau eru þungamiðja þess hvernig vandamál samfélagsins þróast og við tökumst sameiginlega á við þau.“ Í ljósi hins víðari skilnings á stjórnmálum sýnist mér óhjákvæmilegt að ræða pólitískt hlutverk háskóla ekki síður en menningarlegt (t.d. „afla, varðveita og miðla þekkingu“) og efnahagslegt (t.d. þjálfra „menntað vinnuafli“) hlutverk hans eins og viðtekið er (Páll Skúlason, 2014, bls. 127 og 218).

Einn meginvandinn við að greina lýðræðishlutverk háskóla er að merking lýðræðishugtaksins er stöðugt túlkunar- og ágreiningsefni (Guðmundur Heiðar Frímannsson, 2018, bls. 16–51; Gunnar Helgi Kristinsson, 2008; Vilhjálmur Árnason og Henry Alexander Henrysson, 2018). Mismunandi lýðræðisskilningur hefur í för með sér ólíka sýn á hvað ógni lýðræðinu og þar með hvert sé lýðræðislegt hlutverk háskóla. Í greininni hugleiði ég þrenns konar lýðræðisviðhorf sem ég kenni við frjálslýndi, þátttöku og rökræðu.¹ Ég reyni ekki að gera þessum viðhorfum almenn skil, heldur vel tiltekna röksemdir sem ég tel bæði einkenna viðkomandi viðhorf og hafa vægi í þessu tiltekna samhengi. Ég sýni fram á mikilvægi hvers viðhorfs fyrir sig en leiði jafnframt í ljós takmarkanir frjálslýndis- og þátttökuvíðhorfanna til að veita leiðsögn um það hlutverk. Viðskiptavæðing háskólastarfs er hér erfiðasta áskorunin og ég færi rök fyrir að rökræðuvíðhorfið hæfi best til að takast á við hana. Að lokum velti ég fyrir mér hvort finna megi sameiginlegan kjarna eða snertifleti í þessum ólíku viðhorfum varðandi hvernig háskólar þjóni best lýðræðislegu hlutverki sínu andspænis helstu áskorunum samtímans.

Frjálslýndi: Hlutleysi og grunnildi háskóla

Samkvæmt röksemdum enska heimspekingsins Alans Montefiori (1975) eru lykilhugmyndirnar sem einkenna hið frjálslýnda viðhorf til sambands háskóla og stjórnmála kröfur um hlutleysi, óhlutdrægni og hlutlægni háskólafélks. Hlutleysiskrafan hefur vafist fyrir mörgum og mikilvægt er að átta sig á að hún er alltaf sérgild, þ.e. vísar til tiltekinna málefna á ákveðnu sviði, og felur þá raunar í sér skuldbindingu við tiltekin gildi umfram önnur (Taylor, 1975; Þorsteinn Gylfason, 1998, bls. 256). Hlutleysi vísanda um stjórnmál samrýmist vel þeirri skuldbindingu og er forsenda þess að þau hafi það sem sannara reynist. Þetta kallast á við greinarmun Webers á hlutleysi vísanda um gildi (þ. Wertfreiheit) og tengslum vísanda við gildi (þ. Wertbeziehungen). Vísindamenn eru í margvíslegum gildistengslum við viðfangsefni sín – hafa áhuga á einu umfram annað, velja sér viðfangsefni, láta sig varða þýðingu þeirra fyrir samfélagið (Jón Torfi Jónasson, 2011, bls. 56) – en þeim ber að takast á við viðfangsefnið í samræmi við kröfur og gildi fræðanna þannig að niðurstöður þeirra verði hlutlægar, þ.e. ráðist ekki af persónulegum gildum heldur af fræðilegum rökum. Í háskólakennslu er krafan til dæmis einföld: „Hjá Weber merkir krafan um Wertfreiheit að kennari hafi taumhald á persónulegum skoðunum sínum, hún vísar til þeirrar viðleitni að viðhalda óhlutdrægni“ (Hennis o.fl., 1994, bls. 125).

¹ Á ensku eru hugtökin, sem samsvara þessari þrennu, liberal, participatory og deliberative democracy. Mér virðist að meginþæði umræðunnar megi greina út frá þessum þremur viðhorfum, enda koma tilbrigði við þau einkum við sögu í fræðilegri umfjöllun um normatívar lýðræðiskenningar (Held, 2006).

Þetta val milli gilda sem felst í hlutleysinu kemur skýrt fram í skilgreiningu Talcotts Parsons á hlutleysi vísinda: „Krafan um hlutleysi vísinda um verðmæti kveður á um frelsi til þess að efla vísindaleg verðmæti (s.s. nákvæmni, hlutlægni, vissu, sannleika, o.s.frv.) innan ákveðinna marka, án þess að þau séu látin víkja fyrir gildum sem annaðhvort eru í andstöðu við vísindalega rannsókn eða koma henni ekki við“ (Parsons, 1971, bls. 33). Samkvæmt þessari túlkun felst hlutleysi háskóla í því að háskólafólk hafi frelsi til þess efla þau verðmæti sem liggja háskólastarfi til grundvallar og láti þau ekki víkja fyrir gildum sem annaðhvort eru í andstöðu við gildi háskólastarfs eða koma þeim ekki við. Þessi útlitun á hlutleysiskröfunni vekur lykilspurningar um grunngildi háskólastarfs og andstæður þeirra og hvernig veita ætti öndverðum gildum viðnám. Hugleiðum stuttlega þessar spurningar.

Orðalagið um grunngildi háskóla (e. constitutive values) gengur út frá að slík gildi séu ekki ákvörðunaratriði heldur séu þau uppgötvuð með greiningu á frumskilyrðum þess að háskólar sinni hlutverki sínu. Sigurður Kristinsson notar orðið „frumskuldbindingu“ um þær skyldur starfs sem varða „hlutverk þess í samfélaginu og þau grundvallarmarkmið sem því er ætlað að þjóna“ (Sigurður Kristinsson, 2013, bls. 239). Séu háskólar skilgreindir út frá því hlutverki að afla, varðveita og miðla þekkingu (Páll Skúlason, 2014) eru grunngildin þekkingarleg gildi á borð við þau sem Parsons nefnir (nákvæmni, hlutlægni, vísu, sannleikur, o.s.frv.) forsendur fræðastarfs. Þekkingarleg gildi verða hér ekki skarpt aðskilin frá siðferðilegum, því að hugsjónir fræðastarfs fela ekki í sér lýsingu á raunveruleika vísindanna heldur siðferðilega kröfu sem fræðimönnum ber að gera til sín og gera ber til þeirra. Páll Skúlason (2014, bls. 135) heldur því fram að „grunnforsendur háskólastarfs [séu] fyrst og fremst siðferðilegs eðlis“. Hér koma bæði til afstaða og framlag einstakra fræðimanna og stofnanabundnar ráðstafir til að tryggja hugsjón háskólastarfs. Hið fyrra mætti kalla dyggðir fræðastarfsins, svo sem heiðarleiki, samvirksemi, varkárni og ábyrgð, og hið síðara er sú umgjörð sem háskólar skapa til að rækta þessi þekkingarlegu verðmæti (t.d. lög um háskóla nr. 63/2006, 2. gr. a). Siðferðisþátturinn birtist auk þess í því að ávallt þarf að meta af ábyrgð í hvaða skyni þekkingin er notuð. Grundvallargildi háskólastarfs og frumskyldur háskólafólks varða því heiðarlega og ábyrga sannleiksleit.

Frelsið til að efla „vísindaleg verðmæti“ er nærtækt að tengja við akademískt frelsi (Guðmundur Heiðar Frímansson, 2012). Um það hefur Jón Torfi Jónasson (2008, bls. 27) skrifað: „Með akademísku frelsi er átt við frelsi til þess að leita þekkingar, varðveita hana og miðla henni, án þess að slakað sé á kröfum vegna óakademískra ástæðna, það er án þess að skeyta um aðra hagsmuni en þá sem tengjast beinlínis skilningi og sannleika.“ Sláandi líkindi eru með þessari framsetningu Jóns Torfa á akademísku frelsi og skilgreiningu Parsons á hlutleysi vísinda um verðmæti. Í báðum tilvikum er kveðið á um *frelsi* til þess að efla „akademísk“ verðmæti og láta þau ekki víkja fyrir annarlegum hagsmunum eða af „óakademískum ástæðum“. Páll Skúlason (2014, bls. 135) tengir grunngildi háskóla við það verkefni að bregðast við „ytri þrýstingi sem háskólinn sem stofnun verður fyrir af pólitískum og efnahagslegum öflum“. Tilgangur þess viðnáms er að standa vörð um vísindaleg verðmæti og láta þau ekki víkja fyrir gildum sem geta leitt háskólastarf á svig við skyldur og hlutverk háskóla. Umræða síðustu ára um háskóla í kreppu (Guðni Elísson og Jón Ólafsson, 2011) snýst að verulegu leyti um slíka varnarbaráttu, ekki síst málsvörn fyrir akademískt frelsi (Cole, 2011).

Þetta vekur spurninguna um hvaða eða hvers konar gildi, hagsmunir og ástæður séu í andstöðu við gildi háskólastarfs og akademískt frelsi (Sigurður Kristinsson o.fl., 2014). Svör við þessari spurningu draga fram þær ógnir sem frá sjónarmiði frjálslyndis stöðja að háskólastarfi. Fyrir tæplega hálfri öld færði Charles Taylor (1975, bls. 145) rök fyrir að grunngildum háskólastarfs stafaði einkum ógn af kröfum um að samfélagið lyti leikreglum „fyrirtækjaauðvaldsins“ (e. corporate capitalism) og fjármálakerfisins (e. corporate system). Hann hafði þetta til marks um að framundan væru erfiðir tímar fyrir háskóla og þróunin síðan þá hefur óneitanlega staðfest það. Tengsl háskóla við atvinnulíf, viðskipti og stjórnmal hafa orðið bæði meiri og fjölbættari og það reynir með margvíslegum hætti á grunngildi háskóla (Cole, 2011) og vísindalega ráðvendni háskólafólks (Resnik, 2007). Háskólamenn tengjast því oftast en áður hagsmunum sem stangast á við kröfuna um frjálsa sannleiksleit enda kveður t.d. fyrsta grunnlögmál Magna Charta Universitatum á um sjálfstæði háskóla; „rannsóknir og kennsla verða að vera óháð pólitísku og efnahagslegu valdi“ (Jón Torfi Jónasson, 2008). „Það ætti að vera ljóst“, skrifar Taylor (1975, bls. 145), „að andspænis þessum valkostum er ekkert hlutleysi

mögulegt.“ Skuldbinding háskólafélks við grunngildin sem kallar á hlutleysi í einu samhengi krefst *hlutdrægni fyrir þeirra hönd* í öðru. Sé þessi greinarmunur ekki gerður getur hlutleysiskrafan óbeint greitt götu afla sem ógna forsendum frjálsrar skoðanamyndunar og þekkingarleitar.

Loks má spyrja hvernig best verði staðið að því að veita slíkum gildum og hagsmunum viðnám þannig að það samrýmist frjálslyndum hugmyndum um hlutleysi, óhlutdrægni og hlutlægni háskólafélks. Sjá má viðnám af þessu tagi bæði út frá stofnanabundnum aðgerðum og framlagi einstaklinga. Hið fyrra varðar ráðstafanir til að verja þekkingarleg gildi og fræðileg heilindi gegn ágangi afla sem grafa undan þeim. Sem dæmi mætti nefna aðgerðir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, en tilefnum þeirra hefur fjölgað mjög, t.d. með auknu samstarfi háskóla og rannsóknarfyrirtækja (Resnik, 2007). Einnig getur viðleitni til að mennta háskólaborgara í síðfræði vísinda og rannsókna stuðlað að bættri rannsóknamenningu og vísindalegri ráðvæðni og er það almennt talið árangursríkara að fyrirbygging misferli með menntun en að leggja megináherslu á viðurlög við brotum (NordForsk, 2015). Loks ber að nefna í þessu sambandi hugmyndir um borgaralegar skyldur háskólafélks. Það er mikilvægur þáttur í frjálslyndum lýðræðishugmyndum að tryggja borgurunum frelsi undan pólitík (í þrengri skilningi orðsins). Í samhengi háskóla birtist þetta í áherslu á að skapa háskólafélki frjálsræði til að kenna og stunda rannsóknir án þess að íþyngja því með kvöðum um að láta sig önnur málefni varða. Vönduð kennsla og traustar rannsóknir hafa síðan margvísleg úthrif sem móta samfélagið, en það eru óhjákvæmilegar hliðarverkanir af eiginlegu háskólastarfi, ekki meðvitað markmið þess. Mér virðist það geta samrýmst frjálslyndisrökum um lýðræði að akademískum störfum fylgi ekki borgaralegar skyldur.

Vandinn við þetta viðhorf blasir ekki við fyrir en hugað er að því hvernig gildi í félagslegu umhverfi háskóla geta stangast á við áðurnefnd grunngildi háskóla. Líklega hefur sá núningur ávallt verið til staðar þótt vitundin um hann hafi aukist á síðustu árum.² Gagnlegt er að minnst þess að krafan um hlutleysi vísinda kom sögulega séð fram sem krafa um sjálfstæði fræðastarfs gagnvart trúarlegum og pólitískum öflum. Háskólinn er þá séður í ljósi hugsjónar um griðland hugsunar þar sem menn geta lagt stund á frjálsa sannleiksleit (Markovic, 1984). Þótt full ástæða sé til að vera enn á varðbergi gagnvart pólitískum afskiptum af háskólum, þá virðast þau hafa tekið umtalsverðum breytingum á síðustu áratugum. Í stað beinna afskipta að ofan þar sem t.d. ráðherrar höfðu skipunarvald sem þeir gátu beitt af geðþótta, þá birtast kröfur ríkisvaldsins nú meira í formi ýmiss konar stefnumiða og ákvarðana um fjármögnun sem sveigja háskólastarf í eina átt fremur en aðrar (Bjarni K. Kristjánsson og Skúli Skúlason, 2020; Sigurður Kristinsson o.fl., 2014; White, 2016). Þau stefnumið einkennast af hugsunarhætti sem kenna má við tæknilega rökvisi (e. instrumental rationality) sem sniðin er öðru fremur að framleiðsluafköstum og markaðsviðmiðum. Þetta verður rætt nánar í 3. kafla.

Eins og fram hefur komið, má ætla að meginógnin við frjálsa þekkingarleit, sem fylgir einungis akademískum kröfum, „án þess að skeyta um aðra hagsmuni en þá sem tengjast beinlínis skilningi og sannleika“ (Jón Torfi Jónasson, 2008, bls. 27), komi nú frá markaðsöflum og fyrirtækjauðvaldinu, svo orðalag Charles Taylors sé notað. Pólitískt boðvald ógnar grunngildum háskólastarfs með öðrum hætti en ísmeygileg markaðstengsl sem koma m.a. gegnum samstarf við atvinnulífið. Það hefur verið eitt af einkennum frjálslynds lýðræðis að mikilvægt sé að vera á varðbergi gagnvart pólitískum afskiptum af frelsi einstaklinga, en lítt er hugað að slíkum áhrifum efnahagslífsins á samfélagið. Leikreglum frjálslynds lýðræðis er ætlað að verja borgarana gegn misbeitingu pólitíks valds, en ekki er leitast sérstaklega við að takmarka umsvif efnahagslífsins sem á að gera einstaklingum kleift að uppfylla óskir sínar sem neytendur á markaði (Habermas, 1996; Vilhjálmur Árnason og Henry Alexander Henrysson, 2018).

Í tilviki háskólastarfs getur þessi frjálslynda afstaða leitt til þeirrar þversagnarkenndu niðurstöðu að þótt samfélagsumhverfið sé gegnsýrt af hugmyndum og viðmiðum sem geta hamlað kröfunni um frjálsa þekkingarleit, þá er erfitt að sækja í frjálslyndar lýðræðishugmyndir gagnrýnið viðnám gegn slíkum þáttum. Fyrir vikið eru einber frjálslyndisrök ekki nægilega góður vegvísir fyrir lýðræðislegt hlutverk háskóla í samtímanum. Hin djúprættu og margþættu tengsl háskóla við efnahagslíf,

² Lærdómsríkt væri að skoða hvaða ólíkir þættir hafa ógnað grunngildunum á ólíkum sögulegum tímum, en það kallar á sérstaka rannsókn. Varast ber þó að „rómantísera“ söguna, eins og Jón Torfi Jónasson hefur stíkað sagt, og í því tilliti má minna á orð Sverris Jakobssonar (2011, bls. 90): „Þegar fyrirberði háskólar er rannsakað í sögulegu ljósi er niðurstaðan sú að hugmyndin um háskóla sem gagnrýnið afl sem getur veitt öðrum samfélagslegum valdakerfum viðnám er í grundvallaratriðum rómantísk helgimynd sem lýsir ekki háskólum eins og þeir hafa lengst af verið.“

viðskipti og stjórnsmál kalla bæði á virkara viðnám og dýpri greiningu en frjálsslyndið býður upp á. Í framhaldinu mun ég skoða tvær leiðir til að bregðast við þessum vanda og meta hvort þær séu vænlegar til að styrkja frekar rökin um lýðræðishlutverk háskóla andspænis áskorunum samtímans. Í næsta kafla leita ég í sjóð lýðræðishefðar þar sem ein megináhersla er á virkni borgaranna.

Þátttaka: Borgaravirkni og borgaravitund

Það er annmarki á frjálsslyndisrökum fyrir lýðræði að sjá borgarann sem óvirkan í trausti þess að stofnanir lýðræðissamfélagsins tryggja frelsi hans til athafna og tjáningar og vernda hann gegn misbeitingu valds. Öndvert þessu er því haldið fram í þátttökulýðræðisrökum að lýðræði geti einungis orðið að veruleika með því að borgararnir taki þátt í þeim ákvörðunum sem varða líf þeirra og samfélag (Held, 2006, bls. 215). Þessi afstaða birtist í mörgum myndum en oft eru þau nefnd í tengslum við þroskarök fyrir lýðræði (Ágúst Hjörtur Ingbórsson, 1991; Slater, 2012), enda þurfi einstaklingar að þroskast til að verða lýðræðislegir borgarar (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007; Spector o.fl., 2021, 2. kafli; Wolfgang Edelstein, 2010). Í umræðunni um lýðræðislegt hlutverk menntunar (Guðmundur Heiðar Frimannsson, 2018; Ólafur Páll Jónsson, 2011, bls. 29) er vísað til þessara hugmynda í tengslum við borgaramenntun (e. civic eða citizenship education). Sú umræða sækir oft mikið til Deweys sem taldi að ræktun lýðræðislegra viðhorfa og færni væri lýðræðissamfélaginu nauðsynleg (Atli Harðarson, 2016; Ólafur Páll Jónsson, 2011).

Kanadíski fræðimaðurinn Michael Ignatieff (1995, bls. 54) lýsir muninum á þátttökuhugmyndum og frjálsslyndum hugmyndum um frelsi borgaranna með svofelldum hætti:

Önnur ver pólitískan, hin efnahagslegan mannskilning, önnur virka þátttökuhugmynd um frelsi, hin óvirka öflunarhugmynd (e. acquisitive conception) um frelsi; önnur talar um samfélagið sem ríki borgara (polis); hin um samfélagið sem markaðsbundin tengsl einstaklinga í samkeppni sín á milli. Spennan milli borgarans og efnahagsverunnar hefur alla tíð rekið fleyg milli þess sem við þráum og þess sem við bindum trúss okkar við: Við lifum sem markaðsmenn en vildum að við lifðum sem borgarar.

Í ljósi þessa mætti segja að hugmyndin um borgaramenntun þráist við að halda lífi í borgarahugsjóninni andspænis markaðsvæðingunni. Þetta kemur fram hjá Susan Ostrander (2004), sem hefur rannsakað borgaravirkni (e. civic engagement) í bandarískum háskólum. Háskólamenn sem aðhyllast þær hugmyndir leggjast almennt gegn því viðhorfi að „háskólamenntun og fræðimennska ætti einfaldlega að þjóna markmiðum markaðarins“ (Ostrander, 2004, bls. 77). Höfuðmarkmið lýðræðismentunar sé „að móta virka borgara, sem eru þryddir borgaralegum dygðum og valdefldir með færni til áhrifaríkrar þátttöku“ (Ostrander, 2004, bls. 90). Rannsókn Ostrander sýnir líka útbreidda trú á að háskólar hafi í gegnum söguna búið í haginn fyrir lýðræði og virkni borgaranna, en þetta hlutverk þeirra hafi glatast á síðustu áratugum.

Annað meginsteff í niðurstöðum þessarar rannsóknar Ostrander er áhersla á tengsl háskóla við verkefni nærsamfélagsins. Þau tengsl geti fódrað bæði áhuga nemenda á að láta til sín taka og fært þeim í hendur viðráðanleg verkefni til að hafa uppbyggileg áhrif á umhverfi sitt. Ostrander bendir hins vegar á að nærsamfélagið geti líka falið í sér hindranir í þessu tilliti. Í því sambandi er athyglisvert að nefna að slæmar aðstæður og lífskjör fólks í nærsamfélagi háskóla hafa hvetjandi áhrif á borgaramenntun og borgaravirkni meðal háskólafélks (Hollander og Hartley, 2009; Ostrander, 2004, bls. 83). Þetta kemur ekki á óvart því að almennt eru félagslegt ranglæti og harðstjórn eldsmatur hugsjónabaráttu. Nýlegt dæmi er þegar kennarar við lagadeildir háskóla í Tyrklandi risu upp gegn gerræðislegum stjórnarháttum Erdogans 2018 (United States Department of State, 2019). Í slíkum tilvikum er gildi háskólaborgaravirkni ótvírætt þar sem samfélaginu – og þar með háskólastarfi beint eða óbeint – stendur ógn af stjórnarháttum sem grafa undan lýðræði, mannréttindum og velferð borgaranna.

Ástæða þess að gildi borgaravirkni er augljóst í slíkum tilvikum er að aðstæðurnar sjálfar kveikja viðbrögð háskólafélks þar sem þær beinlínis ógna grunngildum háskóla. Engin kenning um borgaravirkni sem sjálfstæða hugsjón í háskólastarfi þarf hér að koma til. Þetta skiptir máli m.a. vegna hlutleysiskröfunnar sem rædd var hér að framan, því þar er lögð rík áhersla á að taka ekki afstöðu til

þátta sem koma vísindastarfi ekki við. Þegar aðsteðjandi vandi blasir ekki við í slæmum lífskjörum fólks eða valdniðslu getur verið vandasamt að finna útleitinni borgaravirkni háskólaborgara farveg sem samrýmist þeim meginverkefnum sem háskólafolk telur sér skylt að sinna. Út frá hugmyndinni um borgaravirkni er nærtækast að líta svo á að það gerist einfaldlega í virkninni sjálfri, samtali og ráðagerð: „Fólk er þjálfað skipulega í að takast saman á við grundvallarvandamál; rökræða er tengd markvissum aðgerðum“ (Levine, 2007, bls. 175).

Þessi lýsing vekur áleitnar spurningar. Einn vandinn er að skilgreina þessi „grundvallarvandamál“ og þær „aðgerðir“ sem hæfi til að bregðast við þeim. Í ljósi frjálslyndisrakanna er það óviðeigandi og íþyngjandi bæði fyrir háskólakennara og háskólanemendur að undirgangast slíka þjálfun. Þetta tengist fyrrnefndum greinarmun Ignatieffs á virkri þátttökuhugmynd um frelsi, sem samrýmist vel kröfum um borgaravirkni, og óvirkri öflunarhugmynd þar sem frelsi borgaranna er séð út frá áhuga þeirra til að afla sér efnislegra gæða. Að framan færði ég rök fyrir að það samrýmdist frjálslyndisrökum að andæfa því sem ógnar grundvallargildum háskólastarfs og að skuldbindingin við grundvallargildin geti t.a.m. réttlætt viðspyrnu gegn ytri þáttum sem hamla frjálsri rökræðu og skoðanamyndun. En vandi frjálslyndisrakanna liggur í hinni óvirku frelsishugmynd. Athyglisverð í þessu samhengi eru orð Adams Weinberg, deildarforseta við Colgate-háskóla í Bandaríkjunum. Hann kveðst skilja vel það sjónarmið að háskólinn eigi að þjálfa lýðræðishæfni, en þessi hugmynd um háskóla eigi ekki upp á pallborðið hjá almenningi: „Foreldrar muni segja að þeim standi á sama um borgaralega færni; ungmennið hafi verið sent í skóla til að fá góðar einkunnir svo að það geti fengið gott starf“ (Hollander og Hartley, 2009, bls. 6).

Þetta sjónarmið sýnir skýrt hið útbreidda viðhorf til menntunar sem neysluvarnings og endurspeglar hina óvirku öflunarhugmynd um frelsi. Slík markaðshyggja um háskólamenntun er ekki einungis gagnrýniverð frá sjónarmiði lýðræðismenntunar heldur er hún óraunhæf. Menntun er óhjákvæmilega umbreytandi og hefur ófyrirsjáanlegar afleiðingar („úthrif“) á nemendur sem síðan hafa áhrif á samfélagið og jafnvel heiminn. Einmitt þess vegna er afar brýnt að huga gagnert að þessari borgaralegu mótun þannig að hún styrki raunverulega skilyrði lýðræðislegrar þátttöku og stjórnarháttá. Það er umhugsunarefni hvort áherslan ætti að beinast að því hvernig háskólanámið sjálft styrkir slíka þætti eða hvort sjónum sé beint að virkni út á við, að sambandi háskóla við nærumhverfið eins fram kemur í rannsókn Ostrander. Síðari leiðin virðist fela í sér að borgaravirknin verði tengd „markvissum aðgerðum“ sem ráðast af breytilegum pólitískum hugðarefnum. Fyrri leiðin beinist fremur að uppbyggingu hinnar „lýðræðislegu manneskju“ og þá þarf að spyrja í anda Deweys: „En hvað einkennir [...] hina lýðræðislegu manneskju annað en að hún er frjáls og full af heilbrigðri skynsemi?“ (Ólafur Páll Jónsson, 2011, bls. 28).

Eitt dæmi um að barátta gegn félagslegum meinsemdum fari á skjön við þessa lýðræðissýn er sú bylgja „pólitískis rétttrúnaðar“ sem risið hefur í bandarískum háskólum. Færð hafa verið rök fyrir því að sú barátta sé í andstöðu við klassísk lýðræðisleg gildi og þar með grundvallargildi háskólastarfs (sbr. Mandelbaum, 2020, sem vísar í Kronman, 2019). Róbert H. Haraldsson (2012) heldur því fram að eitt meginseinkenni þessa sé að kennsla og fræðastarf fái tiltekin hugmyndafræðileg markmið sem beri kröfur um heiðarlega sannleiksleit og frjálsa skoðanamyndun ofurliði. Þetta skapi andrúmsloft ótta og hóphugsunar sem gangi gegn hugsunarfrelsi, málfrelsi og gagnrýninni hugsun. Allt þetta ógnar grunnildum háskóla.³ Það er líka umhugsunarvert að menningarbaráttan sem kennd hefur verið við pólitískan rétttrúnað hefur að miklu leyti beinst gegn orðræðu, ekki síst innan háskólasamfélagsins (Fairclough, 2003). Tengsl tungumáls og annarra félagslegra fyrirbæra eru flókin og gagnrýni á ríkjandi orðræðu er mikilvægur liður í þeirri viðleitni að breyta gildismati og viðmiðum „heilbrigðrar skynsemi“⁴ sem feli í sér dulinn yfirráð. Þegar slík gagnrýni tekur á sig mynd „aktívisma“ einfaldast þó myndin óhjákvæmilega og getur farið að snúast um einbera málnotkun sem nær ekki að afhjúpa þau djúprættu öfl er valda kúgun og misrétti. Jafnframt er hætt við að slík barátta stríði gegn þeirri mikilvægu lýðræðiskröfu „að gefa ósætti rými“ (Ólafur Páll Jónsson, 2011, bls. 30).

³ Reynslu af slíkum meinsemdum hefur t.d. verið lýst af prófessor Joan Mandle (2000), sem ráðin var til að leiða Center for Women Studies við áðurnefndan Colgate-háskóla. Mandle mætti gríðarlegum mótbyr þegar hún reyndi að hafa áhrif á markmið stofnunarinnar í anda sigildra akademískra hugmynda.

⁴ Hér á enska hugtakið „common sense“ betur við. Haft er eftir Albert Einstein að „common sense“ sé heild þeirra fordóma sem að okkur hefur verið haldið fram að átján ára aldri. Sjá <https://quoteinvestigator.com/2014/04/29/common-sense/>

Þessi gagnrýni beinist ekki gegn hugsjóninni um borgaravirkni háskólafólks sem slíkri en hún dregur fram hve vandamt það getur verið að samrýma hana grundvallargildum háskólastarfs. Þetta er almennur vandi tengdur því að skilja lýðræði, einkum út frá þátttökuhugmyndum og virkni borgaranna (Guðmundur Heiðar Frímansson, 2018, 2. kafli). Það felur í sér þá hættu að vanmeta grundvallarþætti lýðræðislegrar stjórnskipunar, svo sem vernd minnihlutahópa og borgaraleg frelsisréttindi á borð við tjáningarfrelsi. Í því samhengi mætti gera greinarmun á menntun sem miðar annars vegar að borgaravirkni, sem tendrast af tilfallandi hugmyndafræðilegum markmiðum, og hins vegar að borgaravitund sem byggir upp lýðræðislega borgarafærni, óháð tilteknum viðfangsefnum, hugmyndafræði eða aðgerðum (Evans o.fl., 2018, bls. 32; Ólafur Páll Jónsson, 2019). Mótun réttnefndrar lýðræðislegrar borgarafærni hlýtur að sporna gegn einkennum ófrjálslynds lýðræðis og þeim popúlisma sem því fylgir. Þetta kemur skýrt fram í eftirfarandi lýsingu Guðmundar Heiðars Frímanssonar (2018, bls. 269):

Frjálslynt lýðræði þar sem mannréttindi eru virt, velferðarkerfi sem stuðlar að því að kjör og hlutskipti borgaranna séu bærilæg og stjórn þar sem hagsmunir allra liggja til grundvallar beinlínis krefst þess að borgarar tileinki sér dygðir sem hæfa slíkri samfélagsskipan.

Frjálslyndar hugmyndir Guðmundar um borgaramenntun falla betur að rökræðulýðræði en þátttökulýðræði, eins og ég mun víkja að hér á eftir. Rök hans varða þroskaða borgaravitund sem sé lýðræðissamfélögum nauðsynleg og eru almennari en svo að þau verði tengd viðhorfum um markvissar aðgerðir til framdráttar tilteknum pólitískum markmiðum. Þau varða ræktun eiginleika sem stuðla að vernd og viðhaldi lýðræðislegrar samfélagsskipunar; háskólamenntun í þeim anda skapar nemendum skilyrði til þess að kynnst ólíkum lífsskoðunum og færi á að rannsaka þær og gagnrýna (Gutmann, 1994). Þá er borgaramenntun iðkuð „sem aðferð til að meta og móta hagsmuni, ræða ólík sjónarmið“ (Ólafur Páll Jónsson, 2011, bls. 30), fremur en sem aðgerðabundin borgaravirkni. Þá er ekki síst mikilvægt að rækta gagnrýna hugsun með nemendum: „Háskólar eiga að skila nemendum sínum út í þjóðfélagið færur í að greina staðreyndir og aðskilja þær frá skoðunum, þjálfuðum í að setja skoðanir sínar og þekkingu fram með hófsamlegum og sanngjörnum hætti, leiknum í skoða röksemdir með gagnrýnum hætti og spyrja sig út í forsendur og ályktanir“ (Guðmundur Heiðar Frímansson o.fl., 2022, bls. 142).

Ástæða er til að minna á að hugmyndir um borgaravirkni eru ekki síst knúnar af andófi gegn því að háskólastarf lúti framleiðsluviðmiðum og fræðimennska þjóni markmiðum markaðarins. Spyrja verður hvernig aðferðir borgaravirkinnar duga í þeirri viðspyrnu. Það blasir ekki við að taka höndum saman og beina markvissum aðgerðum gegn þessu fyrirbæri sem erfitt er að festa hönd á. Líkt og gildir um margar aðrar helstu meinsemdir nútímasamfélags einkennir það markaðsvæðinguna að hún gerist án valdbóðs. Hún er „lævis og lípur“ í þeim skilningi að hún smýgur inn í innstu kima stjórnunar og starfshátta fyrir tilverknað tæknilegrar rökvisi. Ólíkt félagslegu ranglæti og valdniðslu sem blasa við hverjum þeim sem er meðvitaður um siðferðileg gildi, þá eru skynsemisviðmið markaðsvæðingar og tæknilegrar rökvisi samofin „því góða“ í samfélaginu og gegnsýra ríkjandi hugsunarhátt.⁵ Þótt það hafi almennt gildi í þessu samhengi að móta borgaralegar dygðir og lýðræðislega færni þá dugar það líklega skammt til mótvægis markaðsvæðingu háskóla. Vandinn er djúpstæðari og kerfislægari en svo. Það þarf því fræðilega upplýsta og gagnrýna meðvitund um áhrif markaðsvæðingar menntunar og fræðimennsku og afleiðingar þeirra fyrir grunngildi háskóla og frumskuldbindingu háskólafólks. Mér virðist að viðmið slíkrar greiningar megi sækja í gagnrýna kenningu um samfélagið, en hún felur í sér sjónarhorn sem gerir kleift að afhjúpa öfl og yfirráð sem standa lýðræðislegu hlutverki háskóla fyrir þrífum. Sumir fræðimenn hafa greint slík áhrif út frá nýfrjálsbyggju og þeirri rökvisi sem henni fylgir (Brown, 2015),⁶ en hér er leitað í smiðju þýska heimspekingsins Jürgens Habermas sem setur fram afbrigði rökræðulýðræðis⁷ sem ég tel vera gagnlegt að hugsa út frá í þessu samhengi.

⁵ Líkt og í tilvikum tæknivæðingar læknávisinda (Vilhjálmur Árnason, 2003, bls. 29-34) er þetta tvíbent þróun sem hefur skilað miklum árangri á ákveðnum sviðum jafnframt því sem það hefur skaðleg áhrif þegar siðræn viðfangsefni eru tekin tæknilegum tókum.

⁶ Sjá líka greiningu á áhrifum markaðsvæðingar á kynjajafnrétti í háskólasamfélaginu hjá Finnborgu S. Steinþórsdóttur og Þorgerði Einarsdóttur (2022).

⁷ Margvíslegur annar skilningur er á rökræðulýðræði, sbr. Birgir Hermannsson (2020).

Rökræða: Gagnrýnin hugsun og samræðumening

Í bók sinni, *Towards a Political Theory of the University*, færir Morgan White (2016) rök fyrir því í anda rökræðulýðræðis að meginhlutverk háskóla sé að skapa skilyrði fyrir opinbera rökræðu og stuðla að lýðræðislegri borgaravitund. Sú staðreynd að háskólar skilja hlutverk sitt einkum á efnahagslegum forsendum grafi undan þessu lýðræðishlutverki þeirra. White setur þessa röksemd sína í samhengi við kenningu Habermas um nýlenduvæðingu lífheimsins (þ. Kolonialisierung der Lebenswelt) sem einkennist af því að tæknileg rökvisi færast yfir á svið boðskipta sem með réttu ættu að lúta rökum samskiptaskynsemi. Sú þróun býr í haginn fyrir að markaðsöfl og viðskiptaviðmið „þröngvi sér inn á svið athafna þar sem viðnám er gegn því að lúta fjármagnsöflum“ (Habermas, 1987, bls. 330), því þau einkennast af samskiptum sem miða að gagnkvæmum skilningi. Það markmið krefst boðskiptaskynsemi sem lýtur öðrum lögmálum en tæknileg rökvisi þar sem stefnt er að því að ná tókum á ferlum sem skila hámarksárangri, afköstum eða hagkvæmni. Guðmundur Ævar Oddsson (2012) segir þróunina einkennast af „skilvirkni, reiknanleika, fyrirsjáanleika og stjórn“ sem birtist með eftirfarandi hætti í háskólanámi: „Allt kapp er lagt á að mennta nemendur á sem skilvirkastan hátt og nemendur nálgast námið æ oftar líkt og neytendur sem vilja fá mikið fyrir lítið.“ Þessi „framleiðslunálgun á starf háskóla“ (Bjarni K. Kristjánsson og Skúli Skúlason, 2020, bls. 185), sem birtist m.a. í afkastamælingum og magnbindingu gæða (Eyja Margrét Brynjarsdóttir, 2015; Páll Skúlason, 2014, bls. 43), er orðin einn þeirra „lykilþátta sem einkenna samtímann“ (Saltelli, 2020).

Að mati Whites hefur „framsókn skynseminnar“ (Weber, 1973, bls. 88) í þessu árangursmiðaða formi náð að gegnsýra hugsun um háskóla og haft í för með sér „umbreytingu háskólastarfs“ (White, 2016, bls. 16). Hún ali á framleiðsluhugmyndum með frammistöðumati háskólakennara þar sem mælingar á afköstum ráða ríkjum. White (2016, bls. 125) færir rök fyrir að þetta geti grafið bæði undan fræðilegum heilindum og áhuga háskólamanna á að láta að sér kveða í opinberri umræðu (Trausti Þorsteinsson o.fl., 2012; Vilhjálmur Árnason, 2014b). Þetta birtist líka í rökstuðningi fyrir háskólamenntun þar sem megináherslur eru á tæknilegt og efnahagslegt notagildi þekkingar. Þessi hugmynd um hagvaxtarhlutverk háskóla sér gildi hans út frá því að vera „smurolía fyrir vinnumarkaðinn“ (White, 2016, bls. 123). Þessi hugsunarháttur getur jafnframt af sér þann skilning hjá nemendum að háskólamenntun sé einkagæði til notkunar á markaði (White, 2016, bls. 156). Í skuggann hverfi aftur á móti það viðhorf að háskólamenntun styrki sjálfræði einstaklinga sem stuðli að samfélagslegum gæðum og felist í lýðræðislegum ávinningi (White, 2016, bls. 157). Þannig þjóni háskólar óbreyttu ástandi og búi í haginn fyrir ríkjandi þjóðfélagsöfl í stað þess að vera lýðræðisafli sem styrki hinn opinbera vettvang og veiti viðnám óréttmætum yfirráðum (White, 2016, bls. 43).

Þessi greining Whites á stöðu háskóla nú um stundir kemur að mörgu leyti heim og saman við reynslu háskólafólks (Guðrún Geirsdóttir o.fl., 2020; Naidoo o.fl., 2011). Almenna ályktunin sem af henni má draga er sú að kraftar háskólafólks séu beislaðir í þágu rannsóknarframleiðslu og annarra skyldra markmiða sem hamli óbeint viðleitni til þess að háskólar styrki opinberan lýðræðisvettvang. Þetta birtingarform skynsemisvæðingar háskóla er samofid ríkjandi hugmyndum í menningu okkar og samfélagi almennt. Rökræðuviðhorfið gefur háskólafólki viðmið fyrir gagnrýna greiningu á þessum hugmyndum og áhrifum þeirra á háskólastarf. Jafnframt því sem Habermas hefur greint tæknivæðingu skynseminnar hefur hann lýst möguleikum samskiptaskynsemi sem gagnlegt er að hafa til leiðsagnar þegar rætt er um lýðræðishlutverk háskóla. Það varðar bæði stjórnunarhætti og áherslur í menntun og ég mun hér einbeita mér að menntunarþættinum. Í því verkefni er nærtækt að ganga út frá þeim skilningi á rökræðulýðræði sem fram kemur í eftirfarandi kafla hjá Habermas (1996, bls. 27):

Samkvæmt samræðukenningunni veltur árangur rökræðustjórn mála ekki á því að fólk hópist saman og taki til sinna ráða heldur á því að forsendur málefnalegrar rökræðu festist í sessi í stofnunum samfélagsins. Unnið er með [...] þau rökræðuferli sem eru að verki bæði í löggjafarsamkundunni og í óformlegum tengslum almennarýmisins. Slík samskiptaform eru óháð einstaklingunum og mynda [margvíslegan] vettvang þar sem skoðanir myndast og vilji mótast á mismunandi skynsamlegan hátt.

Í ljósi þess að markmiðið er að treysta bæði almennar forsendur málefnalegrar rökræðu, upplýstrar skoðanamyndunar og almannaþjónu og að styrkja rökræðustöðir í stofnunum samfélagsins, þá sýnist mér að einkum þurfi að horfa til tvenns. Annars vegar þess hvernig háskólamenntun geti aukið rökræðuhæfni stúdenta og háskólaborgara almennt og hins vegar hvernig háskólamenntun geti stuðlað að bættri rökræðuhæfni sérfræðinga, fagfólks og þeirra sem koma til með að manna stofnanir og gegna embættum í almannaþjónustu.

Lítum fyrst á fyrra atriðið. Nærtækt er að tengja það eftirfarandi ákvæði í lýsingu á hlutverki háskóla sem fram kemur í lögum um háskóla: „Háskóli undirbýr nemendur til ábyrgrar þátttöku í lýðræðissamfélagi“ (lög um háskóla nr. 63/2006, 2. gr.) Sambærilegt ákvæði hefur verið í lögum um neðri skólastig í næstum hálfri öld (Ólafur Páll Jónsson, 2018), en var bætt inn í lög um háskóla 2012 sem lið í viðbrögðum þingsins við ábendingum í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um orsakir hrunsins. Í inngangi að greinargerð löggjafans við frumvarpið segir m.a. „að hvetja þurfi háskólamenn á öllum fræðasviðum til að taka þátt í opinberri umræðu“. Um áður nefnt ákvæði segir síðan:

[Á]byrgð fræðimanna hefur farið sívaxandi eftir því sem samfélagið hefur orðið háðara fræðilegum og tæknilegum lausnum á lífsverkefnum manna og þjóða. Þess vegna er nauðsynlegt að tryggja að háskólanemar öðlist þekkingu á þeim siðferðilegu álitamálum sem tengjast fræðunum sem þeir leggja stund á um leið og þeir læra að axla þá ábyrgð sem því fylgir að búa í lýðræðissamfélagi.

Af þessu má ráða hver ætlun löggjafans var með þessari breytingu á lögum um háskóla árið 2012.⁸ Áherslan er á siðferðilega menntun og henni lýst út frá því markmiði að „háskólanemendur öðlist þekkingu á [...] siðferðilegu[m] álitamálum“. Þetta er vissulega mikilvægt markmið, en frá sjónarhóli samræðusíðfræðinnar er einkum gagnlegt að beina sjónum að því hvernig tekist er á við siðferðileg álitamál (Gutmann og Thompson, 2004; Vilhjálmur Árnason, 2014a). Í samræðusíðfræði er málsmeðferðin í fyrirrúmi og henni má lýsa út frá forsendum þess að mál séu leidd til lykta með röksemdum fremur en valdbeitingu. Þetta kallar á mótun færni og viðhorfa sem varða lýðræðishæfni borgaranna. Ágæta lýsingu á því sem stefna þarf að er að finna hjá Kanter og félögum (2016, bls. 195–196) sem ræða efnið í ljósi verkefna menntunar og félagsmótunar. Þeir færa rök fyrir því að byggja þurfi upp hæfni og fúsleika:

[...] til að tjá rökstuddar skoðanir (frekar en að beita valdi eða þvingun), [...] leggja sig kurteislega fram í samtali við aðra, virða ólík viðhorf þátttakenda, geta tjáð ágreining opinskátt, gefa öllum tækifæri til að taka þátt í rökræðunni og til að meta og endurmeta viðhorf sín.

Þessi „hæfniviðmið“ eiga við í allri háskólakennslu, burtséð frá því hvert viðfangsefnið er. Það er hins vegar hluti af málefnalegri samræðu að taka mið af því hvort rætt er um sanngildi fræðilegra staðhæfinga, áhrifagildi tæknilegra aðgerða eða réttmæti siðferðilegra ákvarðana (Vilhjálmur Árnason, 2008, bls. 337–339).

Þessi greinarmunur milli ólíkra gildissviða er afar mikilvægur fyrir það verkefni að stuðla að bættri rökræðuhæfni sérfræðinga, fagfólks og þeirra sem koma til með að gegna embættum í almannaþjónustu. Í greininni „Viðhorf til menntunar“ vitnar Páll Skúlason (1987, bls. 307) til eftirfarandi orða Johns Stuarts Mill um háskólamenntun:

Það sem starfsmenntaðir menn eiga að flytja með sér frá háskólanum er ekki starfskunnátta eingöngu, heldur það sem bregður birtu almennrar menntunar yfir tæknibrögð sérgreina – það sem á að stjórna því hvernig þeir beita starfskunnáttu sinni.

Þessa mikilvægu ábendingu Mills má ræða í ljósi hugmyndarinnar um fagmennsku sem samanstendur af fræðilegri þekkingu, tæknilegri kunnáttu til að beita þekkingunni og siðferðilegri dómgreind til að meta hvernig beita skuli starfskunnáttunni. Sigurður Kristinsson (2013, bls. 238–239) ræðir „alúð“ sem lykilatriði í fagmennsku til að standast þá freistni að víkja frá „viðmiðum um vandaða

⁸ Þær Valgerður S. Bjarnadóttir, Anna Ólafsdóttir og Guðrún Geirsdóttir (2019) hafa rýnt í „orðræðu um lýðræðislegt hlutverk íslenskra háskóla með greiningu á ráðandi stefnumótunarskjólum um háskóla“ og leitast við að svara því „hvernig orðræða í opinberum stefnuskjólum um háskóla endurspeglar a) lýðræðislegt hlutverk háskóla og b) hvernig háskólamenn er ætlað að búa nemendur undir ábyrgja þátttöku í lýðræðissamfélagi.“

starfshætti“. Brýnt er að gera sér grein fyrir að þau viðmið þarf ekki að sækja út fyrir starfsgreinarnar heldur eru þau fólgin í hugmyndum um hvernig þekking og kunnátta eru notuð. Í greininni „Að hugsa eins og verkfræðingur“ leggur Michael Davis (1991) áherslu á að meðlimir fagstétta móti sjálfir þessi viðmið. Eitt meginhlutverk skráðra siðareglna sé að birta hugmyndir sem feli í sér sjálfskilning eða sjálfsmynd fagstéttarinnar. Að hans mati eru tvö atriði þungamiðja í fagmennsku verkfræðinga: „Að vernda og þróa heilindi, heiður og reisin verkfræðingastéttarinnar með því: I. Að nota þekkingu sína og færni til að efla almannaheill. II. Að vera heiðarlegir og óhlutdrægir og þjóna almenningi af trúmennsku [...]“ (Davis, 1991, bls. 157–158).

Nú gætu menn spurt: Hvað kemur þetta lýðræði við? Til að svara þeirri spurningu þarf að minna á lýðræðisskilninginn sem kom fram hjá Habermas hér að framan, þ.e. „að forsendur málefnalegar rökræðu festist í sessi í stofnunum samfélagsins“. Þetta mætti umorða þannig að meginverkefnið sé að byggja upp samræðumenningu sem einkennist af virðingu fyrir þeim forsendum og einkennum rökræðunnar sem ég hef lýst. Það krefst jafnframt dygða á borð við „frumkvæði, aga, hófstillingu og lítillæti sem felur í sér viðurkenningu á því að þeir sem eru á öndverðum meiði kunni að hafa gild rök eða skýringar á afstöðu sinni, sem réttlæti málefnalega umræðu“ (Jón Torfi Jónasson, 2011, bls. 63). Þegar best lætur myndar slík samræðumenning vörn gegn spillingu og viðnám gegn sérhagsmunaöflum sem standa í vegi þess að upplýstur almannavilji mótist og hafi áhrif. Slík menning þarf að þroskast á sem flestum sviðum þjóðlífsins því að hún mótar og rammur inn viðhorf og framkomu þeirra einstaklinga sem þar starfa, hvort heldur um er að ræða stjórnmalamenningu, stjórnsýslumenningu, fyrirtækjamenningu eða siðmenningu fagstétta, svo dæmi séu nefnd (Kvalnes, 2019). Háskólamenntun er algengur farvegur fólks inn á þessi svið og viðhorf þeirra geta smám saman stuðlað að bættum stjórnsiðum og gildismati sem er upplýst af viðmiðum málefnalegar rökræðu. Þar eð gengið er út frá að málefnaleg rökræða skuli einkenna lýðræðislega stjórnarhætti, þá rækir háskólamenntun sem fóstur forsendur slíkrar rökræðu lýðræðislegt hlutverk sitt vel og býr nemendum undir ábyrga þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Lýðræðisskilningur Habermas felur í sér að þátttakan sem áherslan hvílir á í rökræðulýðræði er af öðru tagi en sú tegund borgaravirkni sem er áberandi í þátttökulýðræði. Meira vægi fá færni borgaranna til að meta röksemdir stjórnmalamanna og áhugi þeirra á að móta sér upplýstar og ígrundaðar skoðanir (Chambers, 2003). Ég kenni þetta við samræðuvilja og samræðuhæfni borgaranna (Vilhjálmur Árnason 2008, bls. 410–411). Þetta kallast líka skýrt á við áðurnefnda umræðu Guðmundar Heiðars Frímanssonar (2018, bls. 266) um þátt gagnrýnnar hugsunar í borgaramenntun:

Gagnrýnin hugsun gerir [borgurunum] kleift að meta frammistöðu pólitískra fulltrúa og eigið framlag í beinni þátttöku í kosningum eða þjóðaratkvæðagreiðslum. Borgararnir þurfa stöðugt að meta orð fulltrúanna og yfirvalda.

Ljóst má vera að þessi sýn á lýðræðið á nú undir högg að sækja. Í upphafi nefndi ég ógnina sem stafar af upplýsingaóreiðu sem leiðir til þess að rökræðuaðstæður borgaranna hafa farið versandi. Ný boðskiptatækni hefur gert kleift að ráðskast kerfisbundið með skilyrði skoðanamyndunar og afvegaleiða almenning (Fishkin og Mansbridge, 2017; Offe, 2017). Þetta hefur skapað eins konar lýðræðiskreppu og til að bregðast við henni er m.a. litið til háskólanna (Jennings o.fl., 2021), en eins og bent hefur verið á þá er háskóli „eina stofnunin í samfélaginu sem hefur það yfirlýsta markmið að ala á gagnrýnisanda og ráðast gegn firrum og fordómum, bábiljum og blekkingum“ (Páll Skúlason, 1987, bls. 306).⁹ Mér virðast þær hugmyndir sem ég hef reifað út frá rökræðulýðræði draga skýrt fram þörfina á að háskólar vinni að þessu markmiði. Jafnframt sýna þær þörfina fyrir skipulega umræðu um pólitískt hlutverk háskóla í samtímanum. Hér gefst ekki frekara ráðrúm til þess en í niðurlagsorðum velti ég því stuttlega fyrir mér í ljósi þeirra áskorana og lýðræðishugmynda sem ræddar hafa verið hér að framan.

⁹ Löngu síðar orðar Páll (2014, bls. 118) svipaða hugsun þannig að háskólar séu einu stofnanirnar sem snúist um þá grundvallarstaðreynd að við erum þekkingarverur.

Samantekt og ályktanir

Í frjálslyndishugmyndum er áhersla lögð á frelsi undan afskiptum og til að skapa borgurunum sem mest rými til að ákveða sjálfir braut sína í lífinu. Í tilviki háskóla birtist þetta m.a. í hugmyndum um akademískt frelsi og kröfum til háskólakennara um að gæta viðeigandi hlutleysis, óhlutdrægni og hlutlægni. Í samhengi þeirrar umræðu kom fram að þessar kröfur eigi rætur í grunnildum háskólastarfs, sem varða heiðarlega og ábyrga sannleiksleit, og að sjálf hlutleysiskrafan geti kallað á hlutdrægni fyrir þeirra hönd, stafi þeim ógn af andstæðum öflum. Þetta má útlista sem rök fyrir pólitískum inngrípum háskólafólks í anda frjálslyndra lýðræðishugmynda og skuldbindinga þess við grunnildi háskólastarfs. Þar koma einkum til álíta formlegar aðgerðir til þess að draga úr áhrifum afla sem skekkja niðurstöður rannsókna og þekkingarleitar, svo sem ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaaðreksstra og leiðir til að styrkja vísindalega ráðvendni. Höfuðatriðið hér er miðlun og meðferð vísindalegrar þekkingar sem skili sér óbeint til samfélagsins. Þótt frjálslynd viðhorf virði rétt háskólamanna til að vera frjáls undan þeirri borgaralegu ábyrgð að láta að sér kveða á opinberum vettvangi, þá samrýmist það vel þessum hugmyndum að háskólakennarar leitist við að leiðrétta rangfærslur eða aðra misnotkun þekkingar á fræðasviði þeirra í þjóðfélagsumræðu. Frá frjálslyndissjónarmiði er að öðru leyti erfitt að sjá núning milli markaðsvæðingar viðmiða sem auka tækifæri kennara og nemenda til að afla sér tekna eða annarra lífsgæða í samræmi við gildismat sitt.

Frjálslyndissjónarmiðið fellur því vel að því viðhorfi að samfélagslegt hlutverk háskóla varði einkum tengsl þess við efnahagssvið samfélagsins. Í samræmi við það hafa hagvaxtarrök fyrir gildi háskólastarfs verið áberandi á síðustu árum. Það hefur hins vegar ekki verið séð í pólitísku ljósi, heldur sem eins konar hlutlaus forsenda þess að háskólastarf geti verið „lykill að lífsgæðum og auðugu mannlífi til framtíðar,“ eins og það er orðað í stefnu Háskóla Íslands 2016–2021 (Háskóli Íslands, e.d.). Lengst af var pólitískt hlutverk Háskóla Íslands hugsað út frá „djúpstæð[um] tengsl[um] Háskólans við hugmyndina um sjálfstæði Íslendinga“ (Páll Skúlason, 2014, bls. 253). Í þessari lýsingu er hið menningarlega og pólitíska hlutverk samofað, en þótt viðvarandi skilningur sé á mikilvægi háskólastarfs fyrir menningarlíf þá er því sjaldan lýst á pólitískum forsendum nema þá með vísun í þjóðfrelshugmyndir sem eru í flóknum tengslum við lýðræðissjónarmið samtímans (Guðmundur Hálfðánarson, 2001). Pólitískur skilningur á hlutverki háskólans birtist helst í því ákvæði í stefnu Háskóla Íslands að nýta þurfi „sérfræðiþekkingu til að takast á við áskoranir samtímans og í umræðu um brýn samfélagsmál“.

Í hugmyndum um þátttökulýðræði er áhersla lögð á frelsi borgaranna til að láta að sér kveða og hafa áhrif á samfélag sitt og menningu. Í tilviki háskóla birtist þetta í hugmyndum um borgaravirkni sem fela í sér að bæði nemendur og kennarar láti sig félagslegt umhverfi sitt varða og beiti sér gegn valdniðslu, sinnuleysi og misrétti. Skýr núningur er milli markaðsvæðingar háskólastarfs og þátttökulýðræðishugmynda um lýðræðishlutverk háskóla sem fela í sér að háskólar eigi öðru fremur að móta meðvitada borgara sem sinna samfélagslegum markmiðum. Það er því í anda þátttökurakanna að háskólamenn axli borgaralegar skyldur með því að taka þátt í þjóðfélagsumræðu. Athygli var vakin á því að eðlilegur ágreiningur geti verið um hvaða málefnum háskólaborgarar ættu öðrum fremur að sinna og að kröfur um þátttöku í slíkum aðgerðum geti verið í andstöðu við grunnildi háskóla. Því var gerður greinarmunur á hugmyndum um borgaravirkni og um borgaravitund sem lýtur að færni til þess að láta að sér kveða sem borgari án þess að því fylgdu kröfur um baráttu fyrir tilteknum málstað öðrum en gildum lýðræðislegs samfélags. Þetta leiddi til umræðu um rökræðulýðræði sem ég tel að feli í sér gagnlegri viðmið en þátttökurökin fyrir umræðuna um lýðræðishlutverk háskóla í samtímanum.

Í hugmyndum um rökræðulýðræði er hið pólitíska hlutverk háskóla dregið fram með sjálfstæðari hætti en í hinum viðhorfunum tveimur. Sjónum er þar einkum beint að þeirri borgaralegu færni sem háskólamenntun veitir með hliðsjón af því markmiði að forsendur málefnalegar rökræðu festist í sessi bæði í stofnunum samfélagsins og á opinberum vettvangi. Þessum röksemdum fylgir gagnrýni á hvernig markaðsvæðing háskólastarfs á sér rætur í framrás tæknilegrar rökvísi þar sem æ fleiri svið samfélagsins eru lögð undir mælistiku afkasta og hagræðingar. Eina raunhæfa viðnámið sem háskólar geta veitt gegn þeirri einhliða þróun er að leggja skipulega rækt við skynsemi boðskipta. Þetta getur

birist jafnt í því hvernig staðið er að háskólamenntun, í stjórnsýslu háskóla og hvernig háskólamenn beita sér í þjóðfélagsmæðu á opinberum vettvangi. Í því síðastnefnda finnur rökræðuviðhorfið eins konar meðalhóf milli hlédrægni frjálslyndisins og ákafrar borgaravirkni þátttökurakanna. Áhersla er lögð á ræktun samræðuvilja og rökræðuhæfni sem nýtist til að byggja upp málefnalega samræðumeningu á sem flestum sviðum samfélagsins.

Þau gildi sem liggja háskólum til grundvallar hafa alltaf átt undir högg að sækja gegn hlutdrægni veraldlegra afla sem vilja ráðskast með vísindi og fræðastarf. Þessi hlutdrægni hefur nú tekið á sig nýja og öfluga birtingarmynd í samskiptamiðlum og upplýsingatækni sem vinna skipulega gegn viðleitni til að hafa það sem sannara reynist. Samræða um samfélagslegt hlutverk háskóla verður að taka mið af þeim ógnum við lýðræðismenninguna sem einkenna samtímamann hverju sinni. Ef til vill er fólgið tækifæri í að hér er á ferðinni ógn sem grafa mun undan lýðræðislegum gildum og stjórnsiðum ef ekki verður brugðist við. Óháð breytilegum skilningi á lýðræði ætti að vera hægt að sameinast um mikilvægi þess að veita viðnám þeim öflum sem stríða gegn grunngildum háskóla: Með því að stuðla að menntun háskólaborgara, sem séu meðvitaðir um meginforsendur lýðræðismenningarinnar, beri skynbragð á öfl sem ógna þeirri menningu og þeim skilningi á lýðræði sem hún hvílir á, og verði færir um að veita þeim viðnám. Þetta krefst þess að alið sé skipulega á þeirri hugsun að í þroskuðu lýðræðissamfélagi, líkt og í háskóla, skuli leitast við að ráða mál til lykta með málefnalegri rökræðu en ekki valdbeitingu. Sé unnið út frá þessum leiðarljósum munu háskólar beint og óbeint veita viðnám áskorunum samtímans; upplýsingaóreiðu, ófrjálslyndum skilningi á lýðræði og viðskiptavæðingu háskólanáms og háskólastarfs. Þar með er ástunduð viðeigandi hlutdrægni fyrir hönd grunngilda háskóla sem er forsenda þess að þeir geti sinnt pólitísku hlutverki sínu í nútímasamfélagi.

The Democratic Role of the University and Contemporary Challenges

Education has always been crucial for the protection and cultivation of democracy, for example by developing the skills and transmitting the knowledge needed for political decision-making and deliberation. In this article, it is asked how universities can best serve democracy in contemporary society, which is under new type of threats: fake news and information chaos, illiberal ideas about democracy and marketization of ever more sectors of society. To reflect on this question, arguments based on three different models of democracy are selected: the liberal, participatory and discourse democratic models. In each case, key notions are teased out, and the implications they have for the democratic role of the university are considered. In the case of liberal democracy, the key ideas are scientific neutrality, impartiality, objectivity, and academic freedom. The meaning and relevance of these ideas in the context of the university are discussed. It is argued that while in a liberal democracy the emphasis is on freedom from social engagement, it is possible to argue in liberal terms for academic resistance to forces opposing the constitutive values of the university, which provide conditions for honest and responsible search for knowledge. From a liberal viewpoint, such resistance would primarily be in the form of developing intellectual virtues and regulatory procedures, such as scientific integrity and policies to prevent conflict of interests and to protect academic freedom. On the other hand, it is argued that liberalism is not sensitive to threats rooted in the marketization of governance and education, which increasingly characterizes the university and may thwart its democratic role. This clash of the market, which breeds acquisitive and consumerist ideas about education, and the vision of the citizen who is politically conscious and actively engaged, motivates the participatory view on the democratic role of the university. From this perspective, both university teachers and students should be concerned about social matters and fight against injustices. It is argued that while this approach can foster important democratic skills it can be difficult to channel this engagement in such a way that it is consistent with the constitutive values of the university which should be the guiding ideal. It is also argued that participatory ideas about civic engagement do not provide a useful guidance in the effort to resist the marketization of university practices which poses the main threat to the democratic culture and democratic role of the university. For that, a deeper theoretical analysis of the causes and dynamics of this development are needed. It is argued that such analysis can be found in discourse democratic theory which implies both ideas about civic competencies and the social processes at work. From a discourse theoretical perspective, the most important civic skills that need to be developed in a democratic society are critical thinking, communicative competencies and deliberative reasoning. These competencies need to be transferred into the social institutions and practices that sustain the democratic culture. This culture and these practices are undermined by the increased dominance of instrumental rationality, which is gradually colonizing all domains of society, including the universities. It is argued that the discourse theoretical view provides sound guidance as to the democratic role of the university, preserving the strengths of the other two views while avoiding their flaws. The discourse democratic view defends the liberal values of the university and recognizes the threats of the instrumental rationalization and marketization of university practices that the liberal view tends to ignore. The discourse democratic view also emphasizes the fostering of capacities for democratic participation but regards them more in terms of thoughtful reasoning than civic engagement. This aims at strengthening the domains of communicative rationality in general, but in particular the public sphere and democratic institutions which provide a more realistic and permanent resistance to the contemporary threats to democracy than civic activism.

Key words: democratic role of the university, liberalism, civic engagement, discourse democratic theory, instrumental reasoning, marketization

Um höfund

Vilhjálmur Árnason (vilhjarn@hi.is) er prófessor í heimspeki við Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði við Hugvísindasvið Háskóla Íslands og formaður stjórnar Siðfræðistofnunar H.Í. Hann lauk bakkalárprófi í heimspeki og almennri bókmenntasögu 1978 og námi til kennsluréttinda 1979 frá Háskóla Íslands, meistaraprófi í heimspeki 1980 og doktorsprófi í heimspeki 1982 frá Purdue-háskóla, Indiana. Rannsóknir hans eru einkum á sviði siðfræði, stjórnspeki og félagslegrar heimspeki.

About the author

Vilhjálmur Árnason (vilhjarn@hi.is) is professor of philosophy and chair of the Centre for Ethics at the School of Humanities, University of Iceland. He completed his B.A. degree in philosophy and comparative literature in 1978, a teaching certificate in 1979 from the University of Iceland, an M.A. degree in philosophy in 1980 and a Ph.D. degree in philosophy from Purdue University, Indiana, in 1982. His research has been in the areas of ethics and social and political philosophy.

Þakkir

Greinin er unnin sem hluti af rannsóknarverkefninu Universities and Democracy: A Critical Analysis of the Civic Role and Function of Universities in a Democracy. Verkefnið var styrkt af Rannís 2018–2020 (skráningarnúmer 184684–051) og hýst við Háskólann á Akureyri. Ég þakka samstarfsfólki mínu í verkefninu, þeim Guðmundi Heiðari Frímanssyni, Guðrúnu Geirsdóttur, Jóhanni Helga Heiðdal, Jóni Torfa Jónassyni, Sigurði Kristinssyni, Valgerði S. Bjarnadóttur og Önnu Ólafsdóttur, fyrir frjóar samræður um efnið. Ég flutti erindi um efni greinarinnar á vinnufundi rannsóknarhópsins og fékk þá gagnlegar athugasemdir. Einnig þakka ég Róbert H. Haraldssyni yfirlestur og góðar ábendingar. Loks eiga ritrýnar Netlu þakkir skildar fyrir þryðilegar athugasemdir sem leiddu til þess að greinin tók umtalsverðum breytingum.

Heimildir

- Atli Harðarson. (2016). Lýðræði og menntun: Hugleiðingar um aldargamla bók. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. https://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/01_ryn_arsrit_2016.pdf
- Ágúst Hjörtur Ingþórsson. (1991). Til varnar lýðræðinu. *Skírnir*, 165(2), 302–336.
- Birgir Hermannsson. (2020). Rökræða, þátttaka og þekking. *Stjórnsmál & stjórnsýsla*, 16(1), 1–22. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2020.16.1.1>
- Bjarni K. Kristjánsson og Skúli Skúlason. (2020). *Iðnvæðing háskóla: Hvernig markaðs- og nýfrjálshyggja mótar starfsemi háskóla á 21. öld*. *Skírnir*, 194(1), 177–196.
- Brown, W. (2015). *Undoing the demos: Neoliberalism's stealth revolution*. Zone books.
- Chambers, S. (2003). Deliberative democratic theory. *Annual Review of Political Science*, 6, 307–326.
- Cole, J. (2011). Akademískt frelsi og frjálsar rannsóknir (Vilborg Sigurðardóttir og Jón Ólafsson þýddu). *Ritið*, 11(1), 175–227.
- Davis, M. (1991). Thinking like an engineer: The place of a code of ethics in the practice of a profession. *Philosophy and Public Affairs*, 20(2), 150–167.
- Eiríkur Bergmann. (2021). *Þjóðarvávarpið: Popúlísk þjóðernishyggja í hálfu öld*. JPV.
- Evans, B. J., Marsicano, C. R. og Lennartz, C. J. (2018). Cracks in the bedrock of American democracy: Differences in civic engagement across institutions of higher education. *Educational Researcher*, 48(1), 31–34. <https://doi.org/10.3102/0013189X18809053>
- Eyja Margrét Brynjarsdóttir. (2015). Peningar sem samfélagsfyrirbæri: Af gildum mælingum og hugvísindum. Í Róbert H. Haraldsson og Salvör Nordal (ritstjórar), *Hugsað með Vilhjálmi* (bls. 23–40). Háskólaútgáfan.
- Fairclough, N. (2003). Political correctness: The politics of culture and language. *Discourse and Society*, 14(1), 17–28.

- Finnborg S. Steinþórsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. (2022). Áhrif markaðsvæðingar á kynjafnrétti í háskóla-samfélaginu. *Skírni*, 196(1), 96–125.
- Fishkin, J. S. og Mansbridge, J. (2017). Introduction. *Dædalus*, 146(3), 6–13. https://doi.org/10.1162/DAED_x_00442
- Fukuyama, F. (2016, 30. desember). Hættur ófrjálslynds lýðræðis. *Morgunblaðið* [Tímamót, í samstarfi við The New York Times], bls. 46 og 48.
- Greene, M. T. (2022). Experts, managerialism and democratic theory. *Spontaneous Generations: A Journal for the History and Philosophy of Science*, 10(1), 1–21. <https://spontaneousgenerations.library.utoronto.ca/index.php/SpontaneousGenerations/article/download/38194/29148/101391>
- Guðmundur Heiðar Frímansson. (2012). Akademískt frelsi. *Stjórnsmál og stjórnsýsla*, 8(2), 265–280. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2012.8.2.4>
- Guðmundur Heiðar Frímansson. (2018). *Skólar og lýðræði: Um borgaramenntun*. Háskólaútgáfan; Háskólinn á Akureyri.
- Guðmundur Heiðar Frímansson, Anna Ólafsdóttir, Guðrún Geirsdóttir, Sigurður Kristinnsson og Valgerður S. Bjarnadóttir. (2022). Akademískt frelsi, ábyrgð og hömlur: Sjónarmið háskólakennara á Íslandi. *Stjórnsmál og stjórnsýsla*, 18(1), 139–164. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2022.18.1.7>
- Guðmundur Hálfðánarson. (2001). *Íslenska þjóðríkið: Uppruni og endimörk*. Hið íslenska bókmenntafélag og ReykjavíkúAkademían.
- Guðmundur Ævar Oddsson. (2012). Þekkingarsamfélög eða skyndimenntunarstaðir? *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <http://netla.hi.is/greinar/2012/alm/007.pdf>
- Guðni Elísson og Jón Ólafsson. (2011). Háskólinn á tímum kreppu. *Ritið*, 11(1), 3–9.
- Guðrún Geirsdóttir, Valgerður S. Bjarnadóttir og Anna Ólafsdóttir. (2020, 30. október). *Háskólar og samtál við samfélagið: Vinnumatskerfi sem stýrandi afl* [óbirt erindi]. Þjóðarspeggillinn 2020.
- Gunnar Helgi Kristinnsson. (2008). Lýðræði: Drög að greiningu. *Stjórnsmál og stjórnsýsla*, 4(1), 91–111.
- Gutmann, A. (1994). Til hvers að ganga í skóla?: Menntun frá sjónarhóli nýrjastefnu og réttarhyggju (Róbert Jack þýddi). Í Einar Logi Vignisson og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *Heimspeki á tuttugustu öld* (bls. 285–302). Heimskringla.
- Gutmann, A. og Thompson, D. (2004). *Why deliberative democracy?* Princeton University Press.
- Habermas, J. (1987). *The theory of communicative action, vol. 2: Lifeworld and system* (Thomas McCarthy þýddi á ensku). Beacon Press.
- Habermas, J. (1996). Three normative models of democracy. Í S. Benhabib (ritstjóri), *Democracy and difference: Contesting the boundaries of the political* (bls. 21–30). Princeton University Press.
- Háskóli Íslands. (e.d.). *HÍ26: Stefna Háskóla Íslands 2021–2026*. https://www.hi.is/haskolinn/hi21_stefna_haskola_islands_2016_2021
- Held, D. (2006). *Models of democracy*. Polity Press.
- Hennis, W., Brisson, U. og Brisson, R. (1994). The meaning of ‘Wertfreiheit’: On the background and motives of Max Weber’s “Postulate”. *Sociological Theory*, 12(2), 113–125.
- Hollander, E. og Hartley, M. (2009). Introductory essay: Reimagining the civic imperative of higher education. Í D. W. M. Barker og D. W. Brown (ritstjórar), *A different kind of politics: Readings on the role of higher education in democracy* (bls. 1–14). *Kettering Foundation Press*. https://www.kettering.org/sites/default/files/product-downloads/Introduction_0.pdf
- Ignatieff, M. (1995). The myth of citizenship. Í R. Beiner (ritstjóri), *Theorizing citizenship* (bls. 53–77). SUNY Press.
- Jennings, B., Gusmano, M. K., Kaebnick, G. E., Neuhaus, C. og Solomon, M. Z. (2021). Civic learning for a democracy in crisis. *Hastings Center Special Report*, 51(1), S2–S4. <https://doi.org/10.1002/hast.1221>
- Jón Torfi Jónasson. (2008). *Inventing tomorrow’s university*. The Magna Charta Observatory.
- Jón Torfi Jónasson. (2011). Háskólar og gagnrýnin þjóðfélagsumræða. *Ritið*, 11(1), 47–64.
- Kanter, J. O., Reed, M. S. og Fazey, J. (2016). The deliberative value formation model. *Ecosystem Services*, 21(B), 194–207. <https://doi.org/10.1016/j.ecoser.2016.09.015>

- Kronman, A. (2019). *The assault on American excellence*. Simon & Schuster.
- Kvalnes, Ø. (2019). *Moral reasoning at work: Rethinking ethics in organizations*. Palgrave MacMillan.
- Levine, P. (2007). *The future of democracy: Developing the next generation of American citizens*. University of Chicago Press.
- Lög um háskóla nr. 63/2006.
- Mandelbaum, M. (2020, 28. febrúar). Political correctness threatens American higher education. *The American Interest*. <https://www.the-american-interest.com/2020/02/28/political-correctness-threatens-american-higher-education/>
- Mandle, J. (2000). *Can we wear our pearls and still be feminists?* University of Missouri Press.
- Markovic, M. (1984). Siðfræði gagnrýninnna félagsvísinda (Vilhjálmur Árnason þýddi). *Tímarit Máls og menningar*, 45(3), 269–283.
- Montefiori, A. (1975). *Neutrality and impartiality: The university and political commitment*. Cambridge University Press.
- Naidoo, R., Shankar, A. og Veer, E. (2011). The consumerist turn in higher education: Policy aspirations and outcomes. *Journal of Marketing Management*, 27(11-12), 1142–1162. <https://doi.org/10.1080/0267257X.2011.609135>
- NordForsk. (2015). *Research integrity in the Nordic countries: National systems and procedures*. <https://www.norden.org/en/publication/research-integrity-nordic-countries>
- Offe, C. (2017). Referendum vs. institutionalized deliberation: What democratic theorists can learn from the 2016 Brexit decision. *Daedalus*, 146(3), 14–27. https://doi.org/10.1162/DAED_a_00443
- Ostrander, S. A. (2004). Democracy, civic participation, and the university: A comparative study of civic engagement on five campuses. *Nonprofit and Voluntary Sector Quarterly*, 33(1), 74–93.
- Ólafur Páll Jónsson. (2011). *Lýðræði, réttlæti og menntun: Hugleiðingar um skilyrði mennskunnar*. Háskólaútgáfan.
- Ólafur Páll Jónsson. (2018). Lýðræði og borgaravítund. Hugsjón, stefna og tómarúm. Í Vilhjálmur Árnason og Henry Alexander Henrysson (ritstjórar), *Íslenskt lýðræði: Starfsvenjur, gildi og skilningur* (bls. 213–238). Háskólaútgáfan.
- Ólafur Páll Jónsson. (2019). Lýðræðisleg hæfni fyrir lýðræðislega menningu. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 28(2), 181–200. <https://doi.org/10.24270/tuuom.2019.28.9>
- Parsons, T. (1971). Value-freedom and objectivity. Í O. Stammer (ritstjóri), *Max Weber and sociology today* (bls. 27–50, 78–82). Harper & Row.
- Páll Skúlason. (1987). *Viðhorf til menntunar. Í Pælingar* (bls. 299–308). ERGO.
- Páll Skúlason. (2014). *Háskólapælingar*. Háskólaútgáfan.
- Resnik, D. B. (2007). *The price of truth. How money affects the norms of science*. Oxford University Press.
- Róbert H. Haraldsson. (2012). Andleg velferð mannkyns: Málfræðisrök Johns Stuarts Mill og formyrkvun hugans. *Hugur, tímarit um heimspeki*, 24, 36–73.
- Saltelli, A. (2020). Ethics of quantification or quantification of ethics? *Futures*, 116, 102509. <https://doi.org/10.1016/j.futures.2019.102509>
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar. Heimskringla*, háskólaforlag Máls og menningar.
- Sigurður Kristinsson. (2013). Að verðskulda traust: Um siðferðilegan grunn fagmennsku og starf kennara. Í Rúnar Sigþórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímansson (ritstjórar), *Fagmennska í skólustarfi* (bls. 237–255). Háskólinn á Akureyri; Háskólaútgáfan.
- Sigurður Kristinsson, Hjalti Jóhannesson og Trausti Þorsteinsson. (2014). Samfélagslegt hlutverk háskóla: Kostun í íslenskum háskólum. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 10(2), 471–496. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2014.10.2.14>
- Slater, R. O. (2012). Developmental democracy, accountability and educational leadership. *International Journal of Leadership in Education: Theory and Practice*, 15(3), 387–394. <https://doi.org/10.1080/13603124.2011.609603>

- Spector, P., Shreve, G. og Daniels, R. J. (2021). *What universities owe democracy*. Johns Hopkins University Press.
- Sverrir Jakobsson. (2011). Háskólar: Valdastofnanir eða viðnámsafl? *Ritið*, 11(1), 77–90.
- Taylor, C. (1975). Neutrality in the university. Í A. Montefiori (ritstjóri), *Neutrality and impartiality: The university and political commitment* (bls. 128–148). Cambridge University Press.
- Trausti Þorsteinsson, Sigurður Kristinsson og Hjördís Sigursteinsdóttir. (2012). Samfélagslegt hlutverk háskóla. *Stjórnmal & stjórnsýsla*, 8(2), 281–302. http://www.irpa.is/article/view/a.2012.8.2.5/pdf_271
- United States Department of State. (2019). *Turkey 2018 human rights report*. <https://www.state.gov/wp-content/uploads/2019/03/TURKEY-2018-HUMAN-RIGHTS-REPORT.pdf>
- Valgerður S. Bjarnadóttir, Anna Ólafsdóttir og Guðrún Geirsdóttir. (2019). Þrástef, þagnir og mótsagnir um lýðræðislegt hlutverk íslenskra háskóla. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 15(2), 183–204. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2019.15.2.3>
- Vilhjálmur Árnason. (2003). *Siðfræði lífs og dauða: Erfðar ákvarðanir í heilbrigðisþjónustu*. Háskólaútgáfan.
- Vilhjálmur Árnason. (2008). *Farsælt líf, réttlátt samfélag: Kenningar í siðfræði*. Heimskringla.
- Vilhjálmur Árnason. (2014a). Valdið og vitið: Lýðræðið ígrundað. Í *Hugsmíðar: Um siðferði, stjórnmal og samfélag* (bls. 117–128). Háskólaútgáfan.
- Vilhjálmur Árnason. (2014b). Auðsveipni eða árvekni: Hlutverk hugvísindamanna í samfélagsumræðu. Í *Hugsmíðar: Um siðferði, stjórnmal og samfélag* (bls. 187–201). Háskólaútgáfan.
- Vilhjálmur Árnason og Henry Alexander Henrysson (ritstjórar). (2018). *Íslenskt lýðræði: Starfsvenjur, gildi og skilningur*. Háskólaútgáfan.
- Weber, M. (1973). *Starf fræðimannsins. Í Mennt og máttur* (bls. 69–115, Helgi Skúli Kjartansson þýddi). Hið íslenska bókmenntafélag.
- White, M. (2016). *Towards a political theory of the university: Public reason, democracy and higher education*. Routledge.
- Wolfgang Edelstein. (2010). Lýðræði verður að læra! *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/arsrit-2010/>
- Þorsteinn Gylfason. (1998). *Valdsorðaskak. Í Réttlæti og ranglæti* (bls. 249–276). Heimskringla.



Vilhjálmur Árnason. (2022)

Lýðræðishlutverk háskóla og áskoranir samtímans .

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2022 – Framtíð og tilgangur menntunar: Sérít til heiðurs Jóni Torfa Jónassyni, prófessors emeritus

Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2022/heidurs_jon_torfa/14.pdf

DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2022.84>